

Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíða haldinn í fjarfundarbúnaði Þriðjudaginn 5. desember 2023 kl. 15:00

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps
Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps,
Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsness og Grafningshrepps
Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps
Geir Sveinsson, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar
Gestur Þór Kristjánsson, forseti bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss

Auk þess sátu fundinn Anný Ingimarsdóttir deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir deildarstjóri skólaþjónustu.

Hulda Kristjánsdóttir formaður stjórnar SVÁ setur fundinn og býður fundarmenn velkomna.

Formaður tilnefni sjálfa sig sem fundarstjóra og Aldísi Hafsteinsdóttur sem ritara. Er það samþykkt samhljóða.

Mættir eru fulltrúar frá öllum sveitarfélögum og telst fundurinn löglegur.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Hér var gengið til dagskrár:

- 1. Skýrsla stjórnar um starfsárið 2022**
- 2. Ársreikningur síðasta rekstrarárs**
- 3. Önnur mál**

1. Skýrsla stjórnar og ársskýrsla 2022

Hulda Kristjánsdóttir formaður flytur skýrslu stjórnar. Haldnir voru reglulegir stjórnarfundir og voru það ýmist staðfundir eða fjarfundir.

Frá aukaáðalfundi í júní 2022 sátu eftirfarandi í stjórn byggðasamlagsins: Ása Valdís Árnadóttir, Sandra Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Hulda Kristjánsdóttir, Helgi Kjartansson, Aldís Hafsteinsdóttir og Haraldur Þór Jónsson.

Hlutverk stjórnar er að fara með yfirstjórn skóla- og velferðarþjónustunnar í umboði hlutaðeigandi sveitarstjórna og skal sitja einn fulltrúi frá hverju aðildarsveitarfélagi sem skal vera oddviti eða sveitarstjóri þess.

Starfsemi var með nokkuð hefðbundnum hætti á árinu. Hjá byggðasamlaginu starfaði vel menntað, hæft og áhugasamt starfsfólk. Undirbúningur vegna breytinga á byggðasamlaginu þ.e. útgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss hófst haustið 2022 en hafði ekki teljandi áhrif á þjónustuna á árinu. Sú breyting tók gildi frá og með 1. mars 2023.

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd var starfandi á árinu og var hún skipuð sjö fulltrúum, einum frá hverju sveitarfélagi.

Frá júní 2022 sátu eftirfarandi í skólaþjónustu- og velferðarnefnd: Sigurbára Rúnarsdóttir, Ásmundur Lárússon, Valgerður Sævarsdóttir, Smári B. Kolbeinsson, Elsa Jóna Stefánsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Sigurður Einar Guðjónsson.

Formaður stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. þakkar, fyrir hönd stjórnar, starfsmönnum byggðasamlagsins fyrir gott samstarf í gegnum árin og þakkar um leið sveitarstjórnnum í aðildarsveitarfélögum fyrir samstarf á starfsárinu.

Hulda gaf deildarstjórum Skóla- og velferðarþjónustu orðið og fóru þeir yfir helstu atriði í ársskýrslu 2022.

2. Ársreikningur síðasta rekstrarárs

Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings fyrir árið 2022 lagður fram. Farið var yfir reikninginn.

Reikningur samþykktur samhljóða og verður hann sendur til rafrænnar undirritunar.

3. Önnur mál

- a) Leitað verður eftir tilboðum vegna endurskoðunar í breyttu byggðasamlagi fyrir árið 2023 og verður það borið undir núverandi stjórn SVÁ.
Samþykkt samhljóða.
- b) Ekki er þörf á að taka fyrir fjárhagsáætlun 2023 á þessum fundi þar sem breyting hefur orðið á byggðasamlaginu og stjórn þess frá 1. mars 2023.
Samþykkt samhljóða.
- c) Að lokum þakkaði formaður fyrir gott samstarf undanfarandi ára og óskaði þeim aðilum sem nú ganga út úr samstarfi um skóla- og velferðarþjónustu velfarnaðar í störfum sínum á nýjum vettvangi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:36.

Aldís Hafsteinsdóttir,
fundarritari